

## MATARHLÉ



Sigríður Jónsdóttir hjá heimahjúkrum Akureyrarbæjar töfrar fram uppskrift þessa tölublaðs en hún tók áskorun Svölu Einarsdóttur í Oddeyrarskóla sem bauð upp á hakksúpu síðast. Sigríður gefur okkur uppskrift að dödluforrétti og sparisultu á pönnukökur og af því að berjatíminn stendur nú sem hæst vill hún skora á Helgu Guðnadóttur hjá heimahjúkrum að deila með lesendum í næsta blaði uppskrift að berjabökunni frábæru sem hún er þekkt fyrir.

## DÖDLUFORRÉTTUR OG SPARISULTA Á PÖNNUKÖKUR

### Dödluforréttur:

HRÁEFNI:  
1/2 daðla  
1/2 lítil hörpuskelfiskur  
1/2 ræma beikon

### ADFERÐ:

Setjið hörpuskelina inn í dödluna og vefjið beikoninu utan um. Stingið grillpinna/tannstongli í gegn og grillið. Gott er að gera mikið magn í einu og hafa þetta sem forrétt í grillveislum haustsins.

### Sparisulta á pönnukökur:

HRÁEFNI:  
1 kg bláber  
1 kg rabarbari  
1 1/2 kg sykur

### ADFERÐ:

Byrjið á því að brytja rabarbarann og frysta. Þegar hann er tekinn úr frosti er hann soðinn í um það bil 30 mínútur. Þá er sykrinum og bláberjunum bætt út í og allt soðið saman í 20-30 mínútur. Sultan er svo sett í krukkur en gott er að frysta hana ef mikið magn er gert.



Akureyrarvaka var haldin með pompi og prakt um síðustu helgi og þótti takast afar vel í alla staði. Á myndinni að ofan má þekkja einn af starfsmönnum Akureyrarbæjar í snú-snú á Ráðhústorgi.

## GOTT AÐ VITA

### Nýir kjarasamningar

Nýir kjarasamningar Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðsejenda eru birtir á heimasíðu sambandsins [www.samband.is](http://www.samband.is) um leið og bæði stéttarfélög og stjórn sambandsins hafa samþykkt þá. Tengil inn á kjarasamningana má finna á Starfsmannahandbók Akureyrarbæjar: [www.akureyri.is/starfsmannahandbok/kjaramal](http://www.akureyri.is/starfsmannahandbok/kjaramal).

Í nýgerðum kjarasamningum hefur verið samið um tvær sérstakar eingreiðslur. Við samþykkt kjarasamningsins greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 50.000 hverjum starfsmanni í fullu starfi sem var við störf í maí og miðast greiðslan við fullt starf í mánuðunum mars-maí og hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Starfsmenn sem eru við störf þann 1. febrúar 2012 fá greidda sérstaka eingreiðslu, kr. 25.000 miðað við fullt starf. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall.

Desemberuppbót og orlofsuppbót hækka í nýjum kjarasamningum og verða á árinu 2011: desemberuppbót kr. 75.500 og orlofsuppbót kr. 36.000. Töluverðar breytingar hafa orðið á launatöflum. Í flestum samningum var lífaldursþrepum eytt og persónuálæg gert sýnilegt í launatöflunni. Nýjar launatöflur tóku gildi 1. júní 2011.

Starfsfólk er hvatt til að kynna sér sinn kjarasamning vel.

### Mannauðsstefna Akureyrarbæjar

Mannauðsstefna Akureyrarbæjar var samþykkt í bæjarstjórn 17. mars 2009. Markmið mannaúðsstefnunnar er að tryggja að hjá Akureyrarbæ starfi hæft og ánægt starfsfólk sem veiti góða þjónustu.

Mannauðsstefnan á að stuðla að góðum starfsskilyrðum og möguleikum starfsfólks til að dafna í starfi.

Meðal þess sem fjallað er um í stefnunni eru ráðningar, móttaka nýrra starfsmanna, símenntun, stjórnunarættir, jafnrétti, starfsþróun, vinnuvernd og starfslok.

Starfsfólk er hvatt til þess að kynna sér Mannauðsstefnuna vel en hana má finna á starfsmannahandbókinni á heimasíðu Akureyrarbæjar: [www.akureyri.is/starfsmannahandbok](http://www.akureyri.is/starfsmannahandbok).



Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjóri: Ragnar Hólm Ragnarsson

Ritnefnd: Friðný Sigurðardóttir, Ingunn Helga Bjarnadóttir,

Ragnar Hólm Ragnarsson og Samúel Jóhannsson

Netfang: [kronikan@akureyri.is](mailto:kronikan@akureyri.is)

Hönnun og umbrot: Still - Prentun: Ásprent

# Innanbæjar KRÓNKA

5. tbl. 6. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR sept. 2011



Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri, Sigurveig Bergsteinsdóttir formaður skólafundar, Gunnar Gíslason fræðslustjóri, Hrafnhildur Sigurðardóttir leikskólafulltrúi, Inda Björk Gunnarsdóttir formaður félagsmálaráðs, Guðrún Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjölskyldudeildar, Soffía Lárusdóttir framkvæmdastjóri búsetudeildar og Oddur Helgi Halldórsson formaður bæjarráðs.

## VEL UNNIN STÖRF!

Bæjarráð Akureyrar hefur heimilað færslu fjárveitinga milli ára í mála-flokkum félagsþjónustu og fræðslu- og uppeldismála. Góður rekstur á árinu 2010 gefur svigrúm til að færa rekstrarafgang þessara málaflokka yfir á núverandi fjárhagsár og nema upphæðirnar 12 milljónum króna til fjölskyldu- og búsetudeildar og 10 milljónum króna til skóladeildar.

Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri, afhenti deildarstjórum skóladeildar og fjölskyldu- og búsetudeildar fjármunina formlega 29. ágúst sl., samtals 22 milljónir króna sem verða færðar yfir á núverandi fjárhagsár.

Við það tækifæri sagði Eiríkur Björn að þótt aðeins væri um að ræða lítið brot af heildarrekstrarútgjöldum þessara málaflokka þá væri færsla þeirra á milli ára hvort tveggja í senn, hvatning til starfsfólks bæjarins um að gera enn betur og um leið þakklætisvottur fyrir vel unnin störf.

## GAMLA MYNDIN



Í síðasta tölublaði birtum við jólalega mynd af stúlku á skíðum (sjá að neðan) en fengum engin rétt svör við því hver hún væri. Það þótti okkur mjög miður og því ætluð við að reyna aftur og birta fermingarmynd af sömu stúlku. Spurt er: Hvaða starfsmaður Akureyrarbæjar er þetta og hvað starfar hann? Sendið okkur svör sem allra fyrst á [kronikan@akureyri.is](http://kronikan@akureyri.is).

Dregið verður úr réttum svörum og fær einn heppinn lesandi 10 miða kort í Sundlaug Akureyrar.

Hér til hliðar er myndin sem var birt síðast, e.t.v. frekar óskýr og erfitt að bera kennsl á skíðastúlku. Við vonum að fermingarmyndin geri fólki auðveldara fyrir og að fjölmörg rétt svör berist ritnefnd.



## AD VERÐA HLUTI AF HEILD

Um miðjan ágúst sótti starfsfólk grunnskóla Akureyrar, annað en kennarar, námskeiðið „Að verða hluti af heild“ hjá SÍMEY. Tilgangurinn með námskeiðinu var að efla og hvetja starfsmenn í kröfuhörðum störfum fyrir komandi vetur. Námskeiðið styrktu, Mannauðssjóður Kjalar og Sveitamennt - starfsmenntunarsjóður starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni. Sjá nánar hér til hliðar.



## ÁTTU RÉTT Á NÁMSSTYRK?

Starfsfólk Akureyrarbæjar á kost á að sækja um ýmsa styrki til að standa straum af kostnaði við frekara nám, fræðslu og starfsmenntun. Starfsfólk er hvatt til þess að kynna sér starfsmenntasjóði í sínu stéttarfélagi og nýta sem best þá möguleika sem þar eru fyrir hendi. Hér að neðan er stutt kynning á þremur starfsmenntasjóðum.

### Sveitamennt starfsmenntasjóður

Um 40% starfsfólks hjá Akureyrarbæ eru félagsmenn í stéttarfélaginu Eining Iðja og eiga þess vegna möguleika á styrkjum frá Sveitamennt sem er starfsmenntasjóður starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands (hjá Akureyrarbæ - starfsfólk í Einingu Iðju).

Starfsmenntasjóðurinn Sveitamennt skiptist í tvær deildir.

Félagsmenn í Einingu Iðju geta sótt um styrki í einstaklingsdeild til þess að sækja nám eða námskeið með vinnu.

Vinnustaðir Akureyrarbæjar geta sótt um styrki í sveitarfélagadeild vegna námskeiða eða námsferða fyrir starfsfólk í stéttarfélaginu Einingu Iðju.

Nánari upplýsingar má finna á [www.sveitamennt.is](http://www.sveitamennt.is)

### Fræðslusjóður Kjalar og Mannauðssjóður Kjalar

Um 15% starfsfólks hjá Akureyrarbæ er í stéttarfélaginu Kili og eiga þess vegna möguleika á styrkjum úr starfsmenntasjóðunum Fræðslusjóði Kjalar og Mannauðssjóði Kjalar.

Fræðslusjóður Kjalar veitir styrki til einstaklinga vegna kostnaðar við nám sem er við það miðað að þeir geti tileinkað sér framfarir og tæknibreytingar í sínu starfi.

Mannauðssjóður Kjalar veitir styrki á sviði símenntunar og mannaúðs með því að veita styrki til sveitarfélaga, stofnana og vinnuveitenda sem greiða á sjóðinn. Vinnustaðir Akureyrarbæjar geta þannig sótt um styrki til Mannauðssjóðs Kjalar til námskeiðahalds eða annarrar símenntunar fyrir starfsfólk sitt sem jafnframt er félagsmenn í stéttarfélaginu Kili.

Nánari upplýsingar er að finna á [www.kjolar.is](http://www.kjolar.is)

## HVAÐ ERTU AÐ GERA?



Örn Arnarson starfar á leikskólanum Iðavelli en hefur áður verið á Klöppum, Kiðagili og Lundarseli. Einnig hefur hann unnið á barna- og ungmennasambýli og á ungmennadeild á Hæfingarstöðinni við Birkilund. Örn er menntaður leikskólakennari og ferðamálafræðingur, fæddur í Vestmannaeyjum árið 1965 en fluttist til Akureyrar 1975. Hann hefur starfað sem leikskólakennari frá 1993. Við lögðum fyrir hann nokkrar lauffléttar spurningar:

### Í hverju skyldi starfið helst vera fylgið?

„Segja má að ég kenni lífsleikni, félagshæfingu og almenna skynsemi.“

### Hvað er skemmtilegast við starfið?

„Fjölbreytni og góður félagsskapur með börnum.“

### Fjölskylduhagir?

„Giftur Katrínu Björgu Ríkarðsdóttur framkvæmdarstjóra samfélag- og mannréttindadeildar. Eigum einn son, Darra sem er þjónustufulltrúi hjá Stefnu hugbúnaðarhúsi.“

### Leyndir hæfileikar?

„Já, ég þrjúna og sauma út þegar ég hef ekkert að gera en það er ekki oft. Þess á milli geri ég upp gömul mótörhól.“

### Hallærislegasta atvik sem þú hefur upplifað?

„Hálf tíma spjall í Árbæjarlaug við mann sem ég gat ekki komið fyrir mig hver væri. Vard svefnlaus og áttaði mig um fjögurleytið um nóttina.“

### Uppáhaldsmatur?

„Humar, já og sushi.“

### Áttu þér draum?

„Já, marga og ég er í því að láta þá rætast en það koma bara fleiri og fleiri.“

### Finnst þér Innanbæjarkrónikan skemmtileg og fróðleg?

„Já, alveg ágæt. Ég les hana alla vega.“